

STÆRRA BLAÐ  
- NÚ 12 Síður!

# FRÉTTAÞÍP



Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 12 - desember 2019

*Aðsetur Félags pípulagningameistara á Fosshálsi 27. Bláa örin sýnir innganginn að húsnæðinu, sem er á 3. hæð t.v.*



## Aftur flutt á gamlar slóðir

Höfuðstöðvar Félags pípulagningameistara eru nú aftur komnar á kunnuglegar slóðir að Fosshálsi 27, eftir rúmlega þrjú ára veru í Borgartúni 30. Flutningarnir gengu vel fyrir sig, enda talsvert minna umfang en þegar flutt var í Borgartúnið; þá var mikið af gögnum sem tengdust sögu félagsins allt frá byrjun, afhent Borgarskjalfsafninu. Að flutningi loknum voru menn almennt sammála um að gott væri að vera kominn aftur á Fosshálsinn.

## Fjölsóttur Jólafundur Félags pípulagningameistara 2019

Félag pípulagningameistara hélt árlegann Jólafund sinn 23. nóvember s.l. í Rafveituhúsinu í Elliðaárdal. Fundurinn hófst kl. 17:00 á því að Sigurðar Ingvar Hannesson, formaður félagsins, bauð félagsmenn velkomna. Sigurður Ingvar gerði að tillögu sinni að Guðmundur Páll Ólafsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt og tók Guðmundur Páll við stjórn fundarins.

Dagskrá fundarins hófst með ávarpi Sigurðar Ingvars, formanns félagsins. Hóf hann mál sitt á því að ræða umtalaða niðursveiflu á byggingariðnaði. Kvað hann lítið hafa orðið vart við meintan samdrátt í röðum félagsmanna, sem flestir hverjir virðast hafa yfirdrifið að gera. Nýir kjarasamningar voru samþykktir s.l. vor og eru töluverðar launahækkningar þeim fylgjandi, sem félagsmenn þurfa að bregðast við. Þá ræddi Sigurður nýja uppþæslu á kostnaðarlíkani félagsins og kom svo inn á „söguna endalaus“ sem er salan á húseign félagsins á Spáni. Sigurður Ingvar sagði framundan að senda keppanda í pípulögnum á EuroSkills sem fram fer í Graz í Austurríki í september 2020. En eins og flestum ætti að vera kunnugt, þá var það Félag pípulagningameistara sem hafði frumkvæði að því að koma á nemaleppni hérlendis. Enda hefur það orðið raunin á undanförunum árum að þessar keppnir hafa vakið mikla athygli meðal ungs fólks og á m.a. þátt í því að fjölgun hefur orðið í hópi nema í flestum iðngreinum í verkmenntaskólum og komast t.d. færri að

– Sjá frambald greinar á bls. 2.



Sigurður Ingvar Hannesson, formaður Félags pípulagningameistara ávarpar fundarmenn.



Kári Samúelsson í ræðustóli.

# Gledilegt ár!

Óskum félagsmönnum okkar gæfu og gengis á nýju ári! Þökkum ánægjuleg samskipti á liðnu ári!

LK Vatns-  
vörðurinn  
frá STOR  
– sjá bls. 11

Verklagnir með  
öflugar lausnir í  
varmadælum  
– sjá bls. 3

# PÍPUM SAMAN!



**BYKO**  
lagnadeild@byko.is



# Fjölsóttur Jólafundur Félags pípulagningameistara 2019

– Frambald greinar af forstöðu.

í námi í pípulögnum en vilja. Næst ræddi Sigur Ingvar um stöðu mála varðandi heimasíðu félagsins, sem þarf að uppfæra eða jafnvel endurgera. Baráttan eilífa við fúska heldur áfram, m.a. aðila sem auglýsa sig á facebook undir heitinu „Vinna með litlum fyrirvara“. Stjórn félagsins bregst við með ýmsum hætti, s.s. ábendingum til Neytendastofu. Það er mjög erfitt að réttlæta og verja léleg vinnubrögð frá fagmönnum. Við hljótum öll að vilja vera í félagi sem stendur á bak við verkgaði og heilindi félagsmanna því við erum jú fagfólk. Ástæða er til að skerpa á nauðsyn þess að gera vandaða og vel útfærða verksamninga. Ella getur verið erfitt að sækja mál fyrir dómstólum. Næstur í ræðustól var Kári Samúelsson og fór hann yfir nýuppfært kost-

aðarlíkan félagsins, lið fyrir lið. Kári vakti upp líflegar umræður og fékk fjölda fyrirspurna frá áhugasömum félagsmönnum. Enda er kostnaðarlíkaníð öflugt hjálpartæki til að hafa tök á rekstrinum og hjálpa til við að láta hann skila því sem þarf til góðrar afkomu.

Að venju sköpuðust fjórlegar umræður meðal fundarmanna eftir kaffihlé og má meðal annars nefna stöðu mála varðandi Byggingargáttina og innleiðingu hennar, ásamt fyrirhuguðu námskeiði sem IDAN ætlar að halda fyrir félagsmenn FP því tengt. Þá voru mál rædd varðandi nýja hitaveitumæla Orkuveitunnar, sem vitanlega eru stafrænir og þarf að læra á.

Að loknum velheppnuðum Jólafundi beið svo glæsilegur kvöldverður og notaleg samvera með mökum.



**Gunnlaugur Jóhannesson hjá Verklögnum hélt áhugaverðan fyrirlestur á Aðalfundinum um varmadælu**



## Stjórn Félags pípulagningameistara 2019-2020



Talið frá vinstri: Ágúst Þór Gestsson, vara maður, Kári Samúelsson, gjaldkeri, Sigurðar Ingvar Hannesson, formaður, Heimir Guðmundsson, varaformaður, Magnús Björn Bragason, ritari og Egill Ægír Eyberg, stjórnarmaður.



**Festingakerfi fyrir innanhúss- og utanhússnotkun**

Heildarlausnir í festingakerfum frá Walraven hafa verið í notkun á Íslandi með frábærum árangri til fjölda ára.



**IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON**  
 Draughálsi 14 -16 -110 Reykjavík - Iceland - www.isleifur.is

**walraven**

# Sentinel hreinsi- & varnarefni fyrir lokuð kerfi

Verklagnir ehf. flytja inn efni frá Sentinel, sem framleiðir hreinsi- og varnarefni fyrir lokuð kerfi. Notkun þeirra minnkar verulega hættu á tæringu.

**X100 – Tæringarvörn** fyrir hitakerfi, blandað við kerfið í réttum hlutfölum. Hægt að mæla kerfið með töku sýnis. Sett í glas með töflum til að kanna fulla virkni tæringarvarnar. X100 hægir á tæringarmyndun og eykur verulega líftíma kerfanna.

**X300 – Hreinsiefni** fyrir ný kerfi. Við lagningu nýrra kerfa eru oft notuð efni sem geta haft áhrif á sýrustig þegar kerfið er fyllt af vökva. Hreinsun kerfisins aftrar því. Eins er með úrfellingu og/eða tæringu í rörum, ofnum eða öðru þá minnkar hreinsun með X300 hættu á tæringu.

**X400 – Hreinsiefni** fyrir eldri kerfi, hægivirkandi. X400 er sett á kerfið og má vera á kerfinu í allt að 30 daga. Síðan er kerfið skolað út.



Plastflaskan í miðjunni innibeldur 2ja mánaða gamalt vatn úr lokuðu óbreinsuðu kerfi.

**X700 – Biocode myglu- og gróðurvörn** fyrir lághitakerfi s.s. gólfhita, snjóbræðslur o.þ.h. Varnar því að bakteríur, gróður eða mygla myndist í kerfinu. Þekkt er að gróður stífla með tímanum deiliskitur fyrir gólfhita.

**X800 – Hraðvirkt hreinsiefni** og mun sterkara en X400. Efnid virkar í allt að 3 tíma. Gott til að hreina út hitakerfi, varmaskipta, ofna (pottofna) o.fl.

**Segulsía – Vortex segulsían (lengst t.h. á mynd)**. Einföld leið til að sía málmagnir o.fl. úr kerfum. Gott að setja á bakrás áður en hún fer í varmaskipti til að verja hann og minnka líkur á stíflum. Auðvelt er að hreinsa síuna. Flest öll efnin frá Sentinel eru umhverfisvæn og mega fara beint í niðurföll. Öll hreinsiefni vinna best með því að keyra kerfin heit helst yfir 30°C. Frekari upplýsingar má fá á [www.verkalgirnir.is](http://www.verkalgirnir.is).

# Verklagnir ehf. sérhæfa sig í varmadælum



Verklagnir ehf. hafa frá árinu 2007 sérhæft sig innflutningi á varmadælum frá Thermia í Svíþjóð og eru sölu- og þjónustuaðili fyrir Thermia á Íslandi. Thermia er í eigu Danfoss en rekið sem sjálfstæð eining. Verklagnir flytja einnig inn varmadælur frá Daikin Europe, en Daikin er japanskt fyrirtæki. Varmadælur frá Daikin Europe eru framleiddar í Evrópu. Thermia og Daikin Europe selja sérhannaðar varmadælur fyrir norðlægur slóðir.

**Sumarhús:** Algengasta varmadæla í sumarhús er loft í loft. Sumir taka loft í vatn varmadælur í sumarhús og nota þá ofna eða gólfhita. Með réttri loft í loft varmadælu eru dæmi um sparnað uppá 50-60%, og húsinu haldið heitu allt árið. Loft í loft er ódýr og hagkvæmur kostur fyrir minni sumarhús. Stærri sumarhús taka oft loft í vatn. Með því sparaast allt að 75% orka eftir hitakerfi á staðnum. Gólfhiti sparar meira en ofnakerfi. Með vatnshitakerfi næst jafnari hiti um allt húsið.

**Íbúðarhús:** Algengt er að nota vatnshitakerfi með loft í vatn eða þá vatn í vatn (jarðvarmadælu) sé möguleiki á orkusöfnun fyrir vatn í vatn. Orkusparnaður í íbúðarhúsi með vatn í vatn getur verið allt að 85% við bestu aðstæður.

**Hótel, gistirými, sundlaugar ofl:** Með Thermia Mega sem er vatn í vatn iðnaðarvarmadæla næst mikill orkusparnaður með gólfhita eða ofnum. Thermia varmadælur henta í þau húsnæði þar sem að neysl vatnsframleiðsla með heit-gas-tækni skilar einstökum árangri, náum við að spara töluvert pláss fyrir búnað þar sem ekki er þörf á eins stórum neysl vatnsskútum.

**Skemmur, björgunarsveitir o.fl:** Daikin er með loft í loft varmadælu sem er einstaklega hentug í stór rými. Caldo XRH40 er einstaklega öflug loft í loft varmadæla sem heldur fullum

afköstum niður í -15°C. Þessi varmadæla hefur verið að skila góðum orkusparnaði eða allt að 60-70% ásamt því að þurrka vel tæki og búnað. Björgunarsveitir hafa lýst yfir ánægju sinni að koma með tæki inn öll í klaka og snjó og á stuttum tíma þorni allt. Netagerðir nota dæluna í stað vatnshitablásara. Tákna minni hávaða og skilar heitara lofti. Einnig eru margar hitaveitur að nota dæluna í stað vatnshitablásara. Eiga þá einnig möguleika á kælingu ef þarf. Allar frekari upplýsingar: [www.verkalgirnir.is](http://www.verkalgirnir.is).

**Starfsfólk Set á Íslandi og í þýskalandi óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.**

Áramótalokun Set verður frá og með 20. desember 2019 til og með 5. janúar 2020.

Set ehf. • Röraframleiðsla

**GRUNDFOS**

**STERKT SAMSTARF TIL FRAMTÍÐAR**

**TENGI**

[www.tengi.is](http://www.tengi.is) | Kópavogi 414 1000 Akureyri 414 1050

# TENGI er nýr umboðsaðili Grundfos á Íslandi



*Að ofan:  
Nóg að gera  
við að svara*

*fyrirsprungnum. Að neðan: Vaskur bópur  
þjónustufúsra sérfræðinga hjá TENGI.*



Í tilefni að því að Tengi er nýr umboðsaðili Grundfos á Íslandi var boðað til kynningar á Grand hótél 18. september síðastliðinn. Þrír sérfræðingar frá Grundfos komu til landsins af því tilefni þar sem byrjað var á hádegiskynningu fyrir verkfræðinga, hönnuði og aðila veitufyrirtækja. Seinna um daginn komu píparar og aðrir fagaðilar. Farið var stuttlega yfir hið nýja samstarf Tengis og Grundfos undir nafninu „Sterkt samstarf til framtíðar“ og starfsemi og framtíðarsýn þessa stærsta dæluframleiðanda heims var kynnt. Eftir kynninguna var boðið til verklegar kynningar þar sem helstu dætur og dælu-lausnir Grundfos voru til sýnis og hægt var að fá nánari útskýringar hjá sérfræðingum. Grundfos er leiðandi í framleiðslu á dælum í heiminum og setur staðalinn hvað varðar nýsköpun, skilvirkni, áreiðanleika og sjálfbærni. Á hverju ári framleiðir Grundfos yfir 16 milljón dætur. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 18.000 manns á 83 starfstöðvum í yfir 45 löndum.



## Frágangur votrýma

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma.

Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við frágang votrýma til að hindra vatnstjón. Fjallað er um uppbyggingu votrýma og efni sem henta til þeirra hluta. Einnig er fjallað um frágang yfirborðs, þéttingar og þéttilög. Farið er í lagnaleiðir, frágang og þéttingar með lögnum, niðurföllum og hreinlætistækjum. Ennfremur er fjallað um viðhald á votrýmum.

Hefst: 23. janúar 2020 kl: 13:00.  
Lengd: 6 klukkustundir.  
Kennari: Jón Sigurjónsson, byggingaverkfræðingur  
Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.



**Stór hluti af framleiðslunni eru vörur til gatnagerðar.**

## OSN ehf. kaupir Járnsteypuna ehf.

OSN ehf. í Reykjanæsbæ hefur keypt allan rekstur og birgðir Járnsteypunnar ehf. Járnsteypnan byggir á langri og mikilli reynslu; hefur starfað samfleytt frá árinu 1905. Fyrirtækið hefur nú verið flutt í Reykjanæsbæ og sameinað rekstri OSN ehf. Verulegur hluti af framleiðslu Járnsteypunnar eru vörur til gatnagerðar, svo sem brunnar og lok, niðurföll og ristar o.þ.h. Einnig framleiðir Járnsteypnan hina þekktu útibekki (stundum kallaðir strætóbekkir). Þetta eru sterkir ig vand- aðir garðbekkir, sem eru víða í gördum og á útisvæðum. Auk þess framleiðir Járnsteypnan m.a. bryggjupolla, götu- polla og trjáristar. Allar vörur Járnsteypunnar eru til á lager og hægt að nálgast þær með stuttum fyrirvara. Ný símanúmer Járnsteypunnar eru 420-0300 og 660-0150.



**NÝTT!**

## BOS GEYMSLUGÁMAR OG SKEMMUR

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi. Léttir og fljótlegir í uppsetningu, tveir menn 5 mínútur. 10 ára ábyrgð á gámunum gegn tæringu. Auðveld uppsetning – engin þörf á verkfærum. Sýningargámar á staðnum. Þýsk gæðavara. Bjóðum einnig vöruskemmur af ýmsum stærðum frá BOS.



**Stólpi Gámar**

GÁMASALA- & LEIGA - Óseyrabraut 12 - 220 Hafnarfirði - Sími 568 0100 - www.stolpigamar.is



# Landsleikur og huggulegt Októberfest í boði Lagnadeildar BYKO

Lagnaverslun BYKO smelti í Landsleik og herlegt Októberfest fyrir pípulagningamenn föstudaginn 11. október. Flottar veitingar voru á boðstólum; meðal annars var boðið upp á Bratwurst-pylsur, grillpylsur, súrkál, kjúklingaspjót, Vínarsnitsel og fleira góðagæti, sem rann ljúflega niður með viðeigandi drykkjarföngum. Sumir mættu meira að segja í viðeigandi Októberfest fatnaði. Og ekki skemmdi það svo fyrir að sett var upp frábær aðstaða með risatjaldi og skjávarpa þar sem landsleikurinn Ísland-Frakkland var sýndur við góðar undirtektir og mikinn áhuga viðstaddra. Ekki voru þó allir sáttir við úrslitin, en Frakkland vann eins marks sigur. Afar góð mæting var á viðburðinn.



## Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

Þetta námskeið er ætlað minni fyrirtækjum og iðnmeisturum sem starfa sem undirverktakar og/eða einyrkjar í bygginga- og mannvirkjagerð. Markmið þess er að kynna grundvallaratriði gæðakerfa. Farið er yfir kröfur til iðnmeistara um gæðastjórnun og gæðakerfi í mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Farið er yfir kröfur um hæfni iðnmeistara, samning á milli byggingarstjóra og iðnmeistara, innra eftirlit iðnmeistara og skráarvistun.

Hefst: 14. jan. kl. 13:00.

Lengd: 6 klukkustundir.

Kennari: Ferdinand Hansen, gæða og öryggisstjóri hjá GG Verk.

Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.



## Gerðu kjarakaup fyrir áramót



Atvinnubílar

Volkswagen **Caddy**

Upprunalegt verð 2.766.129 án vsk

**Tilboðsverð** 2.400.000 kr. án vsk.

Volkswagen **Amarok**

Upprunalegt verð 8.190.000 m/vsk

**Tilboðsverð** 7.490.000 kr. m/vsk.

Volkswagen **Crafter**

Upprunalegt verð 5.548.387 án vsk

**Tilboðsverð** 4.830.000 kr. án vsk.

Volkswagen **Transporter**

Upprunalegt verð 3.991.935 án vsk

**Tilboðsverð** 3.540.000 kr. án vsk.

**Nokkur eintök í boði**

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is

\*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á volkswagen.is.

 <p><b>STOFNLAGNIR</b> PIPULAGNAÞJÓNUSTA</p> <p>Stofnlagirnir ehf. Viðarríma 19 - 112 Reykjavík GSM 660 0499 - wc@islandia.is</p>	 <p><b>AH PÍPULAGNIR</b></p> <p><b>AH pípulagnir</b> ehf. - Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ - Sími 555 7012 - GSM. 822 7100 pipari@pipulagnir.is</p>	 <p><b>SHV Pípulagnir</b> ehf. Funafold 54 - 112 Reykjavík Sími: 587 8715 GSM: 821 1040 shv.pipulagnir@internet.is</p>
<p><b>Pípulagnir</b> <b>Elvars G Kristinssonar</b> ehf. Jöklafold 2 - 112 Reykjavík GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is</p>	 <p><b>GG Lagnir</b> Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði GSM 894 2774 - gxg@simnet.is</p>	 <p><b>Meistaralagnir ehf</b> Pípulagnir S: 893 9110 Bæjarflöt 8A • 112 Reykjavík</p>
<p><b>Tröllalagnir</b> ehf. Jón Auðunn Sigurjónsson pípulagningameistari Auðnukór 3 – 203 Kópavogur GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is</p>	 <p><b>S.Ó.S. lagnir</b> ehf. Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík GSM 693 9000 sos@sostlagnir.is</p>	 <p><b>Króm og Hvítt</b> ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn Sími 478 2099 - GSM. 861 0291 kromoghvitt@simnet.is</p>
 <p><b>SP pípulagnir</b> ehf. Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585 Sigurdur.pipari@gmail.com</p>	 <p><b>FLÆÐI</b> Pípulagnir ehf. MAGNÚS Á. MAGNÚSSON PIPULAGNINGAMEISTARI</p> <p>Flæði pípulagnir ehf. Svæði - 620 Dalvík - S. 466 1401/898 5524 maggisvaedi@simnet.is</p>	 <p>Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari Almannakór 6 – 203 Kópavogi GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafil.is</p>
 <p><b>JMH pípulagnir</b> ehf. Reykjavíkurvegur 52a - 220 Hafnarfirði GSM. 898 0851 - nonnipip@hotmail.com</p>	 <p><b>HS pípulagnir</b> ehf. Smiðjuvegur 4 200 Kópavogi GSM 894 0088 hspip@hive.is</p>	 <p><b>NESLAGNIR ehf</b> Pípulagnaþjónusta</p> <p>Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is</p>

## STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagar að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is



## Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

- NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

- HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
BÍLGREINASVIÐ  
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



**IDAN**  
fræðslusetur  
www.idan.is

# JOHNNY PÍPARI

Mávanesi 13 - 201 Garðabæ  
GSM 898 1870 - johnny210gbr@hotmail.com



PÍPULAGNIR

Fagmennska - Færni - Frumkvæði  
srr@iav.is - GSM: 660 6201

Flugumýri 30 - Mosfellsbæ  
GSM: 771 7100  
sigurdur@kraftlag्नir.is



# LAGNAVIRKJUN ehf.

LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI

Bæjargil 63 - 210 Garðabær  
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

# RENNSLI ehf.

pípulagnir • sími 696 8054

Akralind 1 - 201 Kópavogur  
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is



# Gauri píp ehf

Skipasundi 1 - 104 Reykjavík  
GSM 821 5789 - gauripipari@gmail.com

litlalagna.is



Presslag्नir ehf.  
Funafold 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslag्नir@simnet.is



B. Markan ehf.  
Pípulagnir  
660 6690



# RÖRLEGGJARINN ehf.

Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík  
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

# GGLAGNIR ehf

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA  
stofnað 1988

Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870  
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



MJÖG LAGNIR

Mjög lagnir ehf.  
Kópavogsbraut 62  
200 Kópavogi  
GSM 661 3338  
& 853 0273  
mjoglag्नir@gmail.com

vatnsidnadir.net



- GAGNAGRUNNUR  
- PEKKING - SAGA  
Við í heima og hjóla komu yður á övurt

# MIÐSTÖÐIN

Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar  
Sími 481 1475  
midstodin@midstodin.is

## GRUNDFOS

BE THINK INNOVATE

### Dælur


Grundfos CR dæurnar eru fyrir krefjandi verkefni, vatnsveitur, hitaveitur og útveg. Dæla -20 til 120°C í stöðugu rennsli.

**Grundfos dæurnar eru traustar og dugandi**

GRUNDFOS og Ísleifur Jónsson  
- Traust samstarf síðan 1946!

## ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00  
www.isleifur.is



## Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

# Verk & vit 2020 – Stefnir í stóra og glæsilega sýningu



Frá sýningunni Verk & Vit í Laugardalshöll 2018.

Stórsýningin Verk & Vit verður haldin í Laugardalshöll 12.-15. mars 2020 og nú í fjórða sinn. Allt stefnir í metsýningu því nú í desember, réttum þrem mánuðum fyrir upphaf sýningar er sýningarsvæðið nánast uppselt. Verk & Vit er sýning þar sem fyrirtæki sem koma að mannvirkjagerð með einum eða öðrum hætti kynna sig, vörur sínar og þjónustu. Afla á þann hátt nýrra viðskiptasambanda og efla og styrkja tengsl við sína viðskiptavini. Stórsýningin Verk & Vit fer fram annað hvert ár og var síðast haldin árið 2018. Þá voru alls 110 sýningaraðilar og samtals sóttu sýninguna 25 þúsund gestir, sem á þaðum tilvikum er met frá fyrri sýningum. Það er fyrirtækið AP almannatengsl sem sér um framkvæmd sýningarinnar. Meðal samstarfsaðila má nefna Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Reykjavíkurborg, BYKO og Landsbankann.

# Vatn & Veitur opna verslun í Reykjanesbæ

Um miðjan júní síðast liðinn var boðað til glæsilegrar veislu

að Bolafæti 1 í Reykjanesbæ. Þar voru Vatn & Veitur að opna nýja fagmannaverslun fyrir pípulagningamenn. Fjölmenni mætti við opnunina og var glatt á hjalla eins og meðfylgjandi myndir bera með sér. Fyrir á sama stað eru Sindri og Johan Rönning.



Robbi og Áskell brosandi.



Hrói (lengst t.b.) með viðskiptavinum.



Að ofan: Adolf (lengst t.b.) með bressum viðskiptavinum.


Til hægri: Hress bópur þjónustufúsra starfsmanna hjá Vatni & Veitum. Myndin er tekin á opnuninni í Reykjanesbæ.



# Vatn & Veitur flytja á Smiðjuveginn – Allt er nú á einum stað

Vatn & Veitur fluttu nýverið höfuðstöðvar sínar í stórt og glæsilegt húsnæði að Smiðjuvegi 68-72. Loksins er nú öll starfsemi fyrirtækisins samankomin á einn stað. Þetta hefur að sjálfsögðu mikið hagræði í för með sér fyrir alla starfsemi hjá Vatni & Veitum og stórbætur allt aðgengi og þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins.

Fyrir á þessu ári tóku Vatn & Veitur við sem söluaðili Aquatherm á Íslandi. Aquatherm er leiðandi framleiðandi á heimsvísu í plastiðslukerfum úr pólýprópýlfini fyrir byggingar og byggingarþjónustu. Samhliða söluinni á Aquatherm er hafin framleiðsla og smíði á snjóbræðslugrindum. Vatn & Veitur hafa einnig hafið smíði á varmaskiptagrindum með varmaskiptum frá Swep.



Walk-in N

Opnir virkudaga frá 9:00 til laugardaga 11-15  
Arnaheiti 31 - Sími 588 2332

i-t.is



• Þykki þitt netverki



# utbodsvefur.is – Vettvangur auglýsinga og tilkynninga um opinber innkaup

utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsinga- og tilkynningavettvangur opinberra útboða og innkaupa.

Á vefsvæðinu eru birtar auglýsingar og/ eða tilkynningar um þau fyrirhuguðu innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup. Undir það flokkast innkaup ríkis, sveitarfélaga og veitufyrirtækja þegar fjárhæðir innkaupa eru yfir innlendum og erlendum útboðsmörkum.

Á útboðsvefnum geta opinberir aðilar einnig auglýst innkaup undir viðmiðunarmörkum til að tryggja gegnsæi.

Um hvaða aðila er að ræða?

Eftirtaldir aðilar eru, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu ( skammstafað FER) samstarfsaðilar að útboðsvettvangnum [www.utbodsvefur.is](http://www.utbodsvefur.is):

- Ríkiseignir
- Framkvæmdasýsla ríkisins
- Landsnet
- Orkuveita Reykjavíkur
- Reykjavíkurborg
- Ríkiskaup
- Vegagerðin

Á útboðsvefnum eru birtar auglýsingar opinberra aðila og er leitast við að hafa upplýsingar sem réttastar.

Útbodsvefurinn er ekki ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem þar birtast. Opinberir aðilar sem auglýsa á vefnum bera ábyrgð á sínu efni.

Hver auglýsing bendir á upprunasvæði þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar.

Breytingar vegna útboðsgagna svo sem breyting á opnunardegi, breytingar á skilmálum í kjölfar fyrirspurna bjóðenda eru birtar á upprunasvæði hvers auglýsanda fyrir sig og ekki birtar sérstaklega á þessum vef. Vinsamlegast hafð samband við þann opinbera aðila sem auglýsir útboð varðandi frekari upplýsingar.

Áskrift að vefnum í boði

Hægt er að gerast áskrifandi að vefnum og fá þannig upplýsingar beint um leið og þær birtast á vefnum. Val er um hvaða tegund útboðs menn vilja fá:


Allar tegundir. Framkvæmd. Vörukaup. Þjónusta. Forauglýsing. RFI (Request for Information). Verðfyrirspurn.

## Meistaragolf hjá Ísleifi Jónssyni

Árlegt Meistaragolfmót Ísleifs Jónssonar ehf. var haldið á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ föstudaginn 30. ágúst s.l. Pípulagningameistarar létu sig ekki vanta og mættu hressir til leiks. Í mótinu var leikin Punktakeppni, ásamt því að veita verðlaun fyrir besta skor og bestu nýtingu vallar, auk nándarverðlauna og fyrir lengsta dræf.

Að venju var veitt vel í mat og drykk bæði í upphafi mótsins og svo í lokin um leið og verðlaunaafhending fór fram. Meðal vinninga á mótinu núna má nefna Gjafabréf að verðmæti 10 til 25 þúsund, Golfskó, Golfkennslu hjá

Birgi Leif Hafþórssyni, vínföng og regnhlífar. Þá fengu keppendur einnig Teiggjöf/gjafir. Þátttakendur voru ánægðir með velheppnað meistaramót.





## HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS




GRÆNT ALLA LEIÐ




SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI

+354 660 4085

SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Fundarmenn voru ábugasamir um það sem fram fór á fundinum og kynntu sér vel og ræðilega fyrirbyggjandi fundargögn.



## Byggigar- gáttin, Iðn- meistarar & bygging- arstjórar

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og byggingastjóra sem þurfa að tengjast rafrænni byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum notkun gáttarinnar.

Í rafrænu byggingargáttinni verða vistuð öll gögn vegna mannvirkja, allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar.

Þar verða vistaðar umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur.

Þar verður að finna lista yfir löggilta hönnuði og iðnmeistara og byggingarstjóra með starfsleyfi ásamt reglum um gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara.

Þar verða enn fremur skoðunarhandbækur og verklagsreglur faggiltra skoðunarstofa.

Þátttakendur þurfa að taka með sér:

1. Rafræn skilríki eða Íslykil
  2. Snjalltæki með Android stýrikerfi og uppsettu gmail-netfangi.
- Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Hefst: 14. jan. kl. 10:00

Lengd: 2 klukkustundir.

Kennari: Sérfræðingar Mannvirkjastofnunar.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20



Böðvar Ingi

Sigurður Ingvar

Magnús

Christian

Trausti

# Aðalfundur Félags pípu- lagningameistara 2019

Félag Pípulagningameistara hélt Aðalfund sinn á Hótel Glymi, 6. apríl s.l. Félagið hefur haldið þeirri hefð til margra ára að halda Aðalfundina úti á landi; þá koma makar með og gerð er úr þessu hin besta og ánægjulegasta helgardvöl.

Aðalfundurinn hófst kl. 15:00 og setti Sigurður Ingvar Hannesson, formaður félagsins, fundinn. Sigurður stakk upp á Böðvari Inga Guðbjartssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Var síðan gengið til fyrirbyggjandi dagskrár Aðalfundar. Fyrstur flutti Sigurður Ingvar skýrslu stjórnar og drap þar á því helsta sem stjórn félagsins vann að á liðnu starfsári. Haldnir voru 12 stjórnarfundir og nokkrir óformlegir eftir atvikum. Ánægjuleg fjölg-

un varð í röðum félagsmanna á árinu. Félagið tók þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina á 2018 og mun væntanlega senda keppanda á EuroSkills á Gras í Austurríki. Þá flutti félagið skrifstofu sína aftur að Fosshálsi 27. Að því loknu kom Trausti Guðjónsson í pontu og fór yfir reikninga félagsins, sem svo voru bornir undir fundarmenn og samþykktir samhljóða. Christian Þorkelsson fór yfir reikninga Stryrtarsjóðs, sem voru samþykktir. Trausti lagði fram og fór yfir fjárhagsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár og var hún samþykkt. Að loknu stjórnarkjöri og kjöri í nefndir og ráð tóku við fjórugar umræður um ýmis mál; hús félagsins á Spáni, lokaverkefni pípulagna, heimasíðu félagsins og fleira.



Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir

[vatnogveitur.is](http://vatnogveitur.is)

# LK Vatnsvörðurinn



## Fyrirtækið STOR - Stórlagnir og ráðgjöf er með þægilega og einfalda lausn í vörnum gegn vatnstjónum

Pípulagningameistar þekkja baráttuna við vatnstjón betur en flestir. Aðkoman er oftast erfið og tjónið mikið, bæði í fjárhæðum og oftan ekki af tilfinningalegum toga.

Vatnstjón eru líka ótrúlega algeng og má segja að allt að 20 vatnstjón verði hér á landi á hverjum degi, samkvæmt nýjustu upplýsingum. Þetta gera um það bil 7300 vatnstjón á ári. Um 63% þessara tjóna eiga upptök sín í baðherbergjum og eldhúsum. Hefur um árabíl verið starfandi átakshópur í baráttunni gegn vatns-



**IDAN**  
fræðslusetur

## Gæðakerfi pípu- lagningameistara og Byggingargátt

Þetta námskeið er fyrir pípulagningameistara sem eru með gæðakerfi sem Félag pípulagningameistara lét gera á sínum tíma.

Tilgangur þess er að kynna þátttakendum hvernig byggingargátt Mannvirkjastofnunar getur nýst í tengslum við gæðakerfið.

Farið verður í gegnum byggingargáttina og virkni hennar og skoðaðir gáttlistar þar, sem geta fallið inn í gæðakerfið.

Hefst: 21. janúar 2019 kl: 13:00.

Lengd: 3 klukkustundir.

Kennari: Gunnar Jonatansson, ráðgjafi.

Staðsetning: IDAN fræðslusetur,

Vatnagörðum 20.



LK Vatnsvörðurinn  
hentar fyrir öll rými heimilisins

tjónum, sem m.a. fulltrúar frá Félagi pípulagningameistara, fulltrúar frá tryggingafélögum og fleiri hagsmunaaðilar skipa.

Ætla má að árlegur kostnaður við vatnstjón sé í kringum 5 milljarðar. Þetta eru miklir fjármunir og því afar mikilvægt að ná að fækka tjónum.

### LK VATNSVÖRÐURINN

Nú hefur góður liðsauki bæst við í baráttunni gegn vatnstjónum. Innflutningsfélagið STOR – Stórlagnir og ráðgjöf ehf. hefur hafið innflutning á kerfi sem kallast LK Vatnsvörðurinn; einfalt og þægilegt kerfi sem hægt er að stjórna með appi í snjallsímanum og tengja og samhæfa við öryggiskerfi séu þau til staðar.

LK Vatnsvörðurinn tengis bæði við heitt og kalt vatn; hentar í öllum rýmum heimilisins, svo sem í eldhúsinu, baðherberginu, þvottahúsinu, kjallaranum og í bílskúrnum.

Í rammanum hér til hægri má sjá hvernig LK Vatnsvörðurinn virkar. Það er til mikils að vinna í því að fækka vatnstjónum. Flest tryggingafélög bjóða afslátt á tryggingum ef viðkomandi er með LK Vatnsvörðurinn.

### BYGGIR Á 10 ÁRA REYNSLU

STOR – Stórlagnir og ráðgjöf byggir á 10 ára reynslu í þjónustu við fagmenn á sviði innflutnings á sérhæfðum bún-

aði og tækjum fyrir pípulagnir. Stefna fyrirtækisins er ávallt að selja gæðavörur á hagstæðu verði, einvörðungu til fagmanna, verktaka og sveitarfélaga og stuðla þannig að fagmennsku og vönduðum vinnubrögðum.

Allar nánari upplýsingar um vörur fyrirtækisins er hægt að nálgast á [www.stor.is](http://www.stor.is).



## Hvernig virkar Vatnsvörðurinn?

1. Vatnsvörðurinn greinir leka, lokar fyrir og lætur vita.
2. Hægt að stjórna og hafa eftirlit með Vatnsvörðurinum í gegnum app í snjallsímanum.
3. Vatnsvörðurinn auðveldar að loka fyrir vatnið með einum hnappi.
4. Hægt að tengja Vatnsvörðurinn við heimaöryggiskerfi með snjalltengi (BUS) og stjórna bæði viðvörðunarkerfi og vatni í gegnum stjórnborð eða forrit öryggiskerfisins.
5. Tengist þráðlaust eða með snúru.
6. Auðvelt og þægilegt í uppsetningu.
7. Innbyggður hitaskynjari.
8. Tengir fyrir þrýstiskynjara.

Þar sem tvær lagnir koma saman  
þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fölginn í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulaagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • [sales.europe@saeplast.com](mailto:sales.europe@saeplast.com) • [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com)

**sæplast**  
HLUTI AF RPC GROUP

© Sæplast er skrátt vörumerki í eigu RPC GROUP

## HÁGÆÐA ÞENSLUTENGI

GÚMMÍ – VEFUR – STÁL

Standard tengi eða sérhönnuð eftir þörfum viðskiptavina  
Uppmælingar og uppsetning ef óskað er



Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

## REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN MEÐ SÉREIGN

KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á BIRTA.IS



Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is



**Hágæða vinnuföt í miklu úrvali**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Mikið úrval af öryggisvörum

**LIVEX MILLER OTTERL**  
**TDC GUARD SOLID SHIRT**  
**Honeywell Mollaflex**

**HILTI**  
Verkfæri og festingar

Nú fást **Snickee** vinnuföt í **BYKO**

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • Sími 414-3700 • hagi@hagi.is • HagI ehf HILTI

## FRÁVEITULAUSNIR

Vörurnar frá Borgarplasti eru léttar, niðsterkar og meðfærilegar. Þær eru framleiddar fyrir íslenskar aðstæður. Brunnarir okkar og skiljurnar eru álagsprófaðar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, löntæknistofnun o.fl.



## BORGARPLAST

www.borgarplast.is  
Völuteigur 31 - 270 Mosfellsbær - Sími 561 2211  
Fax 561 4185 - borgarplast@borgarplast.is

## Leigjum og seljum allar gerðir suðuvéla

Einnig mikið úrval af suðuvélum fyrir PE & PPR



**O.S.N.**  
Íðavöllum 7b - 230 Keflavík - Sími 4 200 300

